



## Samþykkt fyrir bæjarráð Akureyrarbæjar

### Um verkefni bæjarráðs

#### 1. gr.

Meginverkefni bæjarráðs Akureyrarbæjar er fjármálastjórn og eftirlit með stjórnarsýslu Akureyrarbæjar í umboði bæjarstjórnar Akureyrarbæjar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

#### 2. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með fjármálastjórn bæjarins að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð semur drög að árlegri fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og viðaukum við hana, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi ráða og stjórnna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Bæjarráð hefur eftirlit með að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja bæjarins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

#### 3. gr.

Bæjarráð fer með eftirlit með fjármálum og leitar leiða til hagræðingar í rekstri ásamt því að meta veitta þjónustu m.t.t. fjármagns sem er til ráðstöfunar.

Í því skyni að hafa eftirlit með fjármálum bæjarins kallar bæjarráð reglulega, a.m.k. ársfjórðungslega, eftir fjárhagsstöðu einstakra sviða og B-hluta fyrirtækja.

#### 4. gr.

Bæjarráð hefur yfirumsjón með:

- a) bæjarsjóði,
- b) A-hluta fyrirtækjum Akureyrarbæjar,
- c) gerð starfsáætlana og fjárhagsáætlana fyrir svið Akureyrarbæjar,
- d) umsögnum með leyfisveitingum samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007,
- e) kjaramálum starfsmanna Akureyrarbæjar,
- f) stjórnarsýslu sveitarfélagsins,
- g) framkvæmd laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008,
- h) framkvæmd mannréttindastefnu Akureyrarbæjar,
- i) málefni íbúalýðræðis,

- j) málefni hverfisnefnda,
- k) menningar- og atvinnumálum.
- l) málefni Hlíðarfjalls

#### 5. gr.

Bæjarráð hefur af hálfu Akureyrarbæjar eftirlit með fyrirtækjum, stofnunum og samtökum þar sem bærinn á verulega hlutdeild í rekstrinum og samþykkir af hálfu bæjarstjórnar gjaldskrár fyrir þjónustu. Leggja skal áætlun um afkomu og rekstur fyrir bæjarráð og kynna ársreikninga og ársskýrslur í bæjarráði svo fljótt sem auðið er eftir kynningu í stjórn. Þá skal leggja fyrir bæjarráð hálfársuppgjör þar sem það á við, eigi síðar en tveim mánuðum eftir að uppgjörstímabili lýkur.

#### 6. gr.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði stjórnsýslu Akureyrarbæjar og vinnur að því að stjórnsýsla bæjarfélagsins verði á hverjum tíma sem skilvirkust og hagkvæmust. Bæjarráð skal vera stefnumótandi ráð fyrir stjórnkerfi bæjarins og móta reglur um ábyrgðarmörk kjörinna fulltrúa og stjórnenda. Bæjarráð vinnur að því að nýta rafræn upplýsingakerfi og stafræna stjórnsýslu til að stuðla að skilvirkum vinnubrögðum og greiða fyrir aðgangi almennings að upplýsingum og stofnunum bæjarins og beitir sér fyrir fræðslu kjörinna fulltrúa og starfsfólks ásamt því að stuðla að faglegum stjórnunarháttum Akureyrarbæjar.

#### 7. gr.

Bæjarráð starfar í samræmi við:

- a) sveitarstjórnarlög og reglur, samþykktir og samþykktar stefnur bæjarstjórnar sem tengjast sérstaklega verkefnum ráðsins,
- b) almennar reglur, samþykktir og stefnur bæjarstjórnar svo sem reglur um ábyrgðarmörk, siðareglur kjörinna fulltrúa, mannréttindastefnu Akureyrarbæjar, mannauðsstefnu Akureyrarbæjar og persónuverndarstefnu Akureyrarbæjar.

#### 8. gr.

Bæjarstjóri ræður eftirtalda starfsmenn að höfðu samráði við bæjarráð:

- a) bæjarlögmann/persónuverndarfulltrúa,
- b) sviðsstjóra fjársýslusviðs,
- c) sviðsstjóra mannauðssviðs,
- d) sviðsstjóra þjónustu- og skipulagssviðs.

Sviðsstjórar fjársýslusviðs, mannauðssviðs og þjónustu- og skipulagssviðs ráða forstöðumenn.

## Um skipan bæjarráðs

### 9. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum og síðan á árs fresti kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráði. Ef gert er hlé á fundum bæjarstjórnar yfir sumartímann má kalla aðra frambjóðendur af sama framboðslista sem varamenn í þeirri röð sem þeir skipuðu listann á fundi bæjarráðs.

Framboðslisti sem á fulltrúa í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt.

### 10. gr.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

### 11. gr.

Bæjarráð heldur að jafnaði fundi einu sinni í viku. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

### 12. gr.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs. Skylt er starfsmönnum bæjarins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin mál.

## Um fundarsköp bæjarráðs

### 13. gr.

Um fundarsköp á fundum bæjarráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga, Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar og verklagsreglur um fundarritun.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau dagskrármál sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Hægt er að boða til fundar með styttri fyrirvara með samþykki allra bæjarráðsmanna og skal það bókað í upphafi fundar. Óski bæjarráðsmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá, ef meirihluti viðstaddra bæjarráðsmanna samþykkir það. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Fundir bæjarráðs eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarráðsmanna er á fundi. Bæjarráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða bæjarráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skytt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. þriðjungur fundarmanna óskar eftir því með bókun.

Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í fundargerðarkerfi og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

#### **14. gr.**

Þjónustu- og skipulagssvið leggur bæjarráði til fundarritara. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. og 31. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar og verklagsreglur um fundarritun og birtingu gagna með fundargerðum.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a) fundartíma og fundarstað,
- b) nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn og fyrir hvaða aðalmenn varamenn sitja fundinn,
- c) nöfn og starfsheiti starfsmanna sem sækja fundinn,
- d) heiti og númer dagskrármála sem tekin eru fyrir,
- e) greinargóða lýsingu á hverjum dagskrárlið,
- f) bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um dagskrármál þar sem það á við og hvaða afgreiðslu dagskrármálið hefur hlotið,
- g) að fundarmaður hafi vikið af fundi eða komið til fundar eftir að hann hófst, ef svo ber undir,
- h) atkvæðatölur ef formleg atkvæðagreiðsla hefur farið fram og atkvæði hafa ekki verið samhljóða.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð lesin upp og samþykkt munnlega af fundarmönnum. Fundargerðir eru undirritaðar og varðveittar rafrænt.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalasafni Akureyrarbæjar. Þjónustu- og skipulagssvið sér um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í bæjarráði, um málalok og að birta fundargerðir á vefsíðu Akureyrarbæjar.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

#### **Um hæfi og skyldur bæjarráðsmanna og starfsmanna bæjarráðs**

#### **15. gr.**

Um hæfi bæjarráðsmanna gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sbr. II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

Um hæfi starfsmanna bæjarráðs gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

## 16. gr.

Bæjarráðsmönnum er skylt að sækja alla bæjarráðsfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé bæjarráðsmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföll til formanns og boða varamann sinn á fund.

Bæjarráðsmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu sbr. 42. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að bæjarráðsmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um starfsmenn bæjarráðs og aðra þá sem boðaðir eru á fund ráðsins.

## Málsmeðferðareglur bæjarráðs

### 17. gr.

Við meðferð mála hjá bæjarráði, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnsýslumáli, skulu bæjarráðsmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Bæjarráð skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá ráðinu. Þá skulu ákvarðanir vera teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en tekin er ákvörðun, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök. Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er um í 16. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

Ákvörðun bæjarráðs skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kærueimild og kærufrest.

## Heimildir til fullnaðarákvarðana

### 18. gr.

Bæjarráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef:

- a) lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
- b) þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og
- c) þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Bæjarráð hefur heimild til fullnaðarákvrðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags og sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tl. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

Bæjarráð felur starfsmönnum fullnaðarákvarðanir um mál á starfssviði þeirra skv. 17. – 18. gr. Bæjarstjórn setur reglur um afgreiðslu þessara mála. Mál sem starfsmenn afgreiða í umboði bæjarráðs skulu kynnt bæjarráði með skriflegri skýrslu einu sinni á ári.

### **19. gr.**

Bæjarlögmaður afgreiðir án staðfestingar bæjarráðs umsagnir til sýslumanns skv. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007, vegna leyfa til sölu gistingar, veitinga og útleigu samkomusala í atvinnuskyni, sem m.a. staðfestir að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Áður en bæjarlögmaður afgreiðir umsögn skal hann leita umsagnar byggingarfulltrúa.

### **20. gr.**

Sviðsstjóri fjársýslusviðs afgreiðir án staðfestingar bæjarráðs umsóknir um afslátt af fasteignaskatti skv. reglum um afslátt af fasteignaskatti sbr. 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

## **Endurupptaka máls**

### **21. gr.**

Eftir að bæjarráð eða starfsmenn hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

## **Stjórnsýslukæra**

### **22. gr.**

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun bæjarráðs eða starfsmanna þess til æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun bæjarráðs eða starfsmanna þess, nema lög leiði til annars frests. Stjórnsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

## **Gildi samþykktarinnar**

### **23. gr.**

Samþykkt þessi tekur gildi 1. janúar 2022.

Samþykkt á fundi bæjarráðs 9. desember 2021

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 14. desember 2021